

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1636  
komudagur 26. 4. 2005

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)

Akureyri 26. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008, 721. mál.  
Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings lýsir yfir ánægju með þau markmið sem lögð eru til grundvallar samgönguáætluninni.

Framkvæmdir í vegamálum á svæði Eyþings, þ.e. Norðurlandi eystra, eru í öllum meginráttum í samræmi við þær óskir sem sveitarfélögin hafa sett fram á aðalfundum Eyþings. Það veldur á hinn bóginn vonbrigðum að framkvæmdir ganga mun hægar en vænst hafði verið vegna endurtekens niðurskurðar fjárveitinga, en í kjölfar niðurskurðar árið 2004 er gert ráð fyrir stórfelldum niðurskurði árin 2005 og 2006. Að mati stjórnar Eyþings ber að leggja áherslu á samgöngubætur sem eina mikilvægustu aðgerð til að efla grunngerð samfélagsins og því óviðunandi að fjárveitingar séu skornar niður ár eftir ár. Þá leggur stjórn Eyþings áherslu á að jarðgöng undir Vaðlaheiði verði sett inn í samgönguáætlun og fé veitt til rannsókna.

Hvað varðar flugmálaáætlun þá telur stjórn Eyþings það jákvætt að fé er ætlað til undirbúnings vegna lengingar flugbrautar Akureyrarflugvallar en saknar fjárveitingar til að ráðast í þá framkvæmd á tímabilinu. Að mati stjórnarinnar er hér um að ræða mjög aðkallandi verkefni.

f.h. stjórnar Eyþings



Pjetur Þór Jónsson  
framkv.stjóri